Hádegisverðarfundur Ský

# Ný tækni í raunverulegum rekstri




September 2026

EINN DAGUR Í VOR

# Hakkaþon




- **Árlegt**

  Í vor styrkt af Anthropic

- **Fókus alfarið á AI**

  Lausnir byggðar með Claude Code

- **Um fimmtán lausnir**

  Smíðaðar í öruggum sandkassa

# Þrjú dæmi

Teymin skiluðu um fimmtán lausnum á einum degi. Hér eru örfá dæmi.

01




Teymi erindreka sem hakka lausnir. Talsett.

02




Allt tengt einni bókun dregið saman. Allt.

03



Prófanabókanir í Amadeus búnar til með einfaldri beiðni.

# Margfaldarinn var langt umfram væntingar.

Þá vaknar spurningin sem restin af erindinu snýst um:

Hvernig komumst við hratt, en örugglega, í að nýta þetta dags daglega?

AFSTAÐAN

# “Fast follower”

Ekki fyrst með allt. En á öruggri hreyfingu í rétta átt.

## Gagnsæ

Allt uppi á borðum. Fólk veit hvað er í gangi, hvers vegna og hvað má.

## Framsækin

Við fylgjumst vel með og hreyfumst áfram í rétta átt á viðráðanlegum hraða.

## Skipulögð

Ný tækni fær eiganda og stað í skipulaginu, ekki undanþágu frá því.

GRUNNURINN

# Skipulagt eftir því sem félagið gerir

Sextán vöruteymi byggð á business capabilities, ekki á skipuriti og ekki á tæknistafla.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| COMMERCIAL | Inspire | Offer | Order | Travel | Customer Core | Payments | Recovery |
| OPERATIONS | Workforce | Maintenance | Flight | LiveOps | | | |
| ENABLING | Finance | Employees & Workplace | Cargo | | | | |
| PLATFORM | Data Platforms | Infrastructure & DevOps | | | | | |

# Fjögur lykilhlutverk innan hvers teymis

| | | |
|---|---|---|
| 01 | **Product Manager**<br>VIRÐI | Skilgreinir vandamálið, á forgangsröðunina og ber ábyrgð á mælanlegum árangri. |
| 02 | **Product Designer**<br>NOTHÆFI | Leiðir uppgötvun og hönnun, prófar lausnir með notendum. |
| 03 | **Tech Lead**<br>FRAMKVÆMANLEIKI | Á lausnaarkitektúrinn, heilbrigði lausna og leiðir tæknimál teymis. |
| 04 | **Delivery Lead**<br>FLÆÐI | Á taktinn, gagnsæið og stöðugar umbætur í afhendingu. |

UTAN UM TÆKNINA

# Önnur hlutverk sem leiða tæknina þvert á teymi

| | | |
|---|---|---|
| 01 | **Enterprise Architect**<br>ÞVERT Á VÖRUR | Á það sem þarf að vera satt þvert á kerfi. Fer yfir og leggur mat á það sem kemur inn í ARB. |
| 02 | **CISO**<br>ÁHÆTTA OG ÖRYGGI | Á AI Policy og öryggisreglurnar. Metur áhættu og fer með undanþágur. |
| 03 | **Chapter Lead**<br>FAGIÐ OG FÓLKIÐ | Línustjóri sérfræðinganna. Nýting gervigreindar er fastur liður í reglulegum starfsmannasamtölum. Á tæknistakkinn og hugbúnaðarþróunarferla. |
| 04 | **CDO & Directors**<br>HEILDARMYNDIN | Eiga skipulag og mönnun þvert á deildir. Tengja forgangsröðun teymanna við fjármögnun og stefnu félagsins. |

TAKTUR POM (Product Operating Model)

# Líkanið gengur á föstum, endurteknum viðburðum

ARB vikulega, sprettir og ráð á tveggja vikna fresti, demo mánaðarlega, planning ársfjórðungslega og funding tvisvar á ári



ÁKVARÐANIR

# Hver ákveður hvað

Fjórir fastir vettvangar. Enginn þeirra var búinn til fyrir gervigreind, og allir fjórir koma að henni.

### ExCo Funding

Á 6 MÁNAÐA FRESTI

Fjármagnar vörulínur og setur stefnuna fyrir hvert hálft ár.

### Product Council (x16)

Á 2 VIKNA FRESTI

Forgangsraðar innan vörulínu og leysir úr flöskuhálsum.

### ARB

VIKULEGA

Samþykkir tól, tengingar og arkitektúrbreytingar.

### Information Security Committee

REGLULEGA

Á AI Policy, áhættuvilja og öryggisviðmið.

Gervigreind bætti engu nýju lagi við þessa mynd. Hún fór inn í hana.

# Tímabundið þó, var tveimur atriðum bætt við

Við bjuggum ekki til nýtt skipulag fyrir gervigreind. Við bættum tveimur föstum viðburðum við taktinn sem var þegar til.




Kostnaður, notendaumsjón og útfærsla vikulega. Stefna og forgangsröðun á tveggja vikna fresti.

Hreinskilið: þetta eru viðbætur, og við eigum eftir að sjá hvort þær eigi að lifa varanlega eða renna inn í ráðin sem fyrir eru.

EIGNARHALD

# AI-platformið fékk eiganda, ekki nýja deild

Claude og Copilot eru vinnutæki almennra starfsmanna. Þess vegna eru þau platform, með sama eignarhaldi og allt annað sem við rekum.

**Almennir starfsmenn**

Notendur

**Employee & Workplace**

Á platformið og aðgangsstýringar. Tech Lead ber tæknilega ábyrgð.

**Infrastructure & DevOps**

Rekstur og undirstaða

Sama eignarhald og gildir um öll önnur platform hjá okkur.

# Tvö verkfæri, tvö hlutverk

Copilot fór breitt út. Claude Enterprise kom til viðbótar fyrir þyngri verkefni, ekki í staðinn.

M365 COPILOT

## Breiddin

Fór út til stórs hluta starfsmanna fyrir daglega vinnu í M365. Það er orðið mjög öflugt og dekkar þarfir flestra.

CLAUDE ENTERPRISE

## Dýptin

Þyngri og agentic verkefni. Claude Code fyrir forritara og hönnuði, Cowork fyrir stærri hóp. Eina útgáfan sem mætti okkar öryggisviðmiðum.

Svona er staðan núna. Við forðumst ákvarðanir sem festa okkur í tilteknu setuppi langt fram í tímann, hvort sem það snýr að pöllum eða vinnulagi. Umhverfið er einfaldlega of kvikt til þess.

# Við gerðum þetta ekki upp á eigin spýtur

Ernst & Young keyrði með okkur AI Program frá 20. apríl til 3. júlí.

Sex fasar, allt frá stöðumati til pilots.

01

### Maturity assessment

Staðan metin á fólki, gögnum, tækni og governance

02

### Capability building

Þjálfun og train-the-trainer innan Digital & Data

03

### Vision & governance

AI North Star, rekstrarlíkan og öryggisrammi

04

### Use case mapping

Tilfelli kortlögð og forgangsraðað eftir virði og áhættu

05

### Pilot Project

Eitt tilfelli tekið enda á enda, frá umfangi til mælinga

06

### Handover

Rekstrarlíkan, færniáætlun og governance til að skala sjálf

Margt af þessu erum við enn að vinna úr, sérstaklega þjálfunin og governance-tillögurnar.

EU Artificial Intelligence Act

REGLUVERKIÐ

# AI Policy sem byggir á EU AI Act

Þrjár kröfur gilda um hvert einasta AI-kerfi hjá okkur, óháð því hver keypti það eða hver notar það.

01

## Skráð og eignað

Hvert kerfi er skráð með nafngreindum ábyrgðaraðila. Ábyrgð verður ekki framseld til birgja eða verkefnahóps.

02

## Áhættuflokkað

Flokkun eftir EU AI Act ræður umfangi stjórnunar. Skjölun, eftirlit og samþykki fylgja áhættunni.

03

## Undir mannlegri yfirsýn

Þar sem AI hefur áhrif á fólk, öryggi eða rekstur ákveður manneskja með vald til að grípa inn í.

Grunnafstaðan: **Allt er lokað nema það sé sérstaklega samþykkt.**

HLIÐIÐ

# Allt fer í gegnum ARB

Architecture Review Board hittist vikulega og samþykkir það sem breytir tæknilegri mynd, með áhættumati á bak við hverja ákvörðun.

## Tól

Ekkert AI-tól er tekið í notkun án formlegs samþykkis.

## Tengingar

Hver einasti connector er metinn sérstaklega.

## Breytingar

Efnisleg breyting á tóli eða gagnameðferð fer aftur í gegn. Ný módelútgáfa innan samþykkts tóls gerir það ekki.

CISO

Á reglurnar

EMPLOYEE & WORKPLACE

Heldur utan um aðgangsstýringar

PEOPLE & CULTURE

Heldur utan um þjálfun

MÖRKIN

# Hvaða gögn mega fara í hvaða tól

| FLOKKUN | DÆMI | MÁ NOTA |
|---|---|---|
| Public | Markaðsefni, ytra efni | Öll samþykkt tól |
| Internal | Póstar, fundargerðir, kóði | Copilot · Claude · Rovo · GitHub Copilot · Figma Make |
| Confidential | Viðskiptavinagögn, fjárhagur | Copilot · Rovo · Claude · Claude Code |
| Restricted, absolute | Lyklar, kortagögn, leyndarmál | **Ekkert tól. Aldrei.** |
| Restricted, skilyrt | Flugöryggi, SMS, EASA-gögn | **Aðeins með skriflegu samþykki CISO** |

TENGINGAR

# Default deny, og svo opnum við eina í einu

Allar tengingar voru lokaðar frá byrjun. Hver og ein er tekin fyrir í ARB með sínum eigin forsendum og guardrails.

SAMÞYKKT

- **Atlassian MCP**
  Jira og Confluence · restrict to ask, engar eyðingar
- **Figma MCP**
  Figma · notenda-OAuth

Í PÍPUNNI

- Office 365
- Amplitude
- Datadog
- Fleiri erindi á leiðinni

Reynslan er góð. Hver tenging hefur sín eigin álitamál, og það er einmitt ástæðan fyrir að þær fara ekki allar í gegn í einu.

AÐGANGUR

# Þjálfun er forsenda, ekki eftiráhugsun

Enginn fær aðgang fyrr en vottun úr Claude Academy hefur verið skilað inn. Endurvottað árlega.

01

## Þjálfun

Claude Academy

02

## Vottun

Skilað inn

03

## Aðgangur

Veittur

Kröfurnar eru mismunandi eftir leyfum: Claude Code og Cowork krefjast meiri þjálfunar en grunnaðgangur.

**Sama regla gildir um kóða: það sem er skrifað með aðstoð gervigreindar er alltaf yfirfarið af einhverjum öðrum en þeim sem notaði hana.**

# Hvar við stöndum í dag

## 250

notendur með M365 Copilot

## ~100

notendur með Claude Enterprise

## Júní

fyrstu notendur, breytt í Enterprise í júlí

**Ákveðnir notendahópar voru afgreiddir í heilu lagi. Núna fjölgar leyfum út frá einstökum beiðnum með rökstuðningi.**

Claude Code fór til allra forritara í sumar, með token-þaki sem er stýrt niður á einstakling. Þannig lærum við hvað þetta raunverulega kostar.

# Hvað er að skila sér og hvað ekki enn

**ÞAÐ SEM VIRKAR**

- Skýr ávinningur í hraða, mestur í verkum sem eru sjálfstæð og vel afmörkuð
- Lausnir teknar lengra á sama tíma en áður
- Skýrt eignarhald heldur þegar hraðinn eykst

**ÞAÐ SEM ER ÓFRÁGENGIÐ**

- Ávinninginn er erfitt að mæla þótt hann sé greinilegur
- Viðfangsefnin henta misvel og ekki hægt að alhæfa
- Umhverfið er kvikt og forsendur breytast reglulega

**Þess vegna tökum við ekki ákvarðanir sem festa okkur langt fram í tímann.**

# Enginn bjó til internet-deild.

Internetið varð ekki sérverkefni hjá einum hópi. Það breytti því hvernig allir unnu.

# Við lítum eins á gervigreind.

Ekki nýtt lag, ný deild eða ábyrgð eins hóps, heldur nýr veruleiki sem skipulagið sem við höfum þarf að taka inn.

**Þannig færumst við ákveðið í átt að því að fleiri dagar verði eins og dagurinn í vor.**

# Takk fyrir

